



## Mál nr. S-164/2024 – Reglugerð um hrognkelsaveiðar.

### Niðurstöður samráðs.

Þann 22. ágúst 2024 voru birt drög að reglugerð um hrognkelsaveiðar. Reglugerðin byggir m.a. á breytingum laga nr. 102/2024 um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu) sem tóku gildi 1. september 2024. Með gildistöku laganna eru grásleppuveiðar hlutdeildarsettar og kveðið á um staðbundinn veiðisvæði grásleppu. Í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997 er mælt fyrir um að ráðherra sé heimilt með reglugerð að banna og takmarka veiðar tímabundið innan staðbundinna veiðisvæða, að hluta eða að öllu leyti vegna hættu á meðafla spendýra og fugla. Þá er mælt fyrir um, í lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, að ráðherra skuli í reglugerð kveða nánar á um skipulag grásleppuveiða, veiðitíma og meðafla grásleppu við aðrar veiðar. Drög reglugerðarinnar byggja að hluta til á ákvæðum núgildandi ákvæða reglugerðar nr. 223/2024 um hrognkelsaveiðar árið 2024, að teknu tilliti til framangreindra lagabreytinga sem öðluðust gildi 1. september 2024.

Veittur var frestur til og með 29. ágúst 2024 til að skila umsögnum, athugasemdum og ábendingum um drög reglugerðarinnar. Fjórar umsagnir bárust um drög reglugerðarinnar og eftirfarandi eru helstu athugasemdir og ábendingar og viðbrögð ráðuneytisins við þeim:

#### 2. gr. *Leyfi til veiða.*

Umsagnaraðilar lögðu til að fært yrði inn í 2. mgr. 2. gr. hnit staðbundinna veiðisvæða grásleppu sem tilgreind eru í 1. mgr. 7. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997.

- Almennt er reynt að birta ekki einstök ákvæði laga í reglugerðum, m.a. til að koma í veg fyrir að misræmi verði þar á milli. Lagt er þó til að í 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar verði vísað til 1. mgr. 7. gr. laganna, til að vísa lesenda reglugerðarinnar á það ákvæði og þar með hnit staðbundinna veiðisvæða grásleppu.

#### 3. gr. *Tímabil þegar veiðar eru óheimilar.*

Umsagnaraðilar bentu á að skynsamlegt kynni að vera að breyta tímabili veiða innan svæðisins Breiðafjörður – Vestfirðir, þannig að veiðar væru bannaðar frá 1. júlí og fram að hausti vegna hættu á meðafla.

- Ráðuneytið vinnur að endurskoðun á lokunarsvæðum og veiðitímabilum grásleppu um allt land og verður litið til þeirrar athugasemdar við þá vinnu. Áformað er að þær breytingar verði sértaklega kynntar í samráðsgátt. Að svo stöddu eru ekki lagðar til breytingar á 3. gr. og er ákvæðið samhljóða eldri reglugerð nr. 223/2024 um hrognkelsaveiðar árið 2024.
- Gerðar vorunokkrar orðalagsbreytingar á texta 2. mgr. 3. gr.

#### 4. gr. *Lokunarsvæði.*

Skipulagsstofnun benti á að gæta yrði þess að innan svæða þar sem hrognkelsaveiðar væru stundaðar kynnu að vera afmörkuð svæði þar sem takmarkanir eru vegna annarrar leyfisskyldrar starfsemi, s.s. fiskeldi og kræklingarækt.

- Að mati ráðuneytisins hefur umsögnin ekki áhrif á efni reglugerðarinnar, enda eru veiðisvæði meðal þeirra nýtingarflokka sem tilgreindir eru í strandsvæðaskipulagi. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um haf- og strandsvæðaskipulag nr. 88/2018 og staðfest strandsvæðaskipulag, er varða almennt veiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands.



#### 5. gr. *Netmöskevi.*

Umsagnaraðilar bentu á að dæmi eru um að aðilar eigi eða hafi fjárfest í netum með 16 - 20 möskva eða grynri og nauðsynlegt að veita aðilum svigrúm til að klára að nota þau net.

- Við reglugerðina er bætt ákvæði til bráðabirgða sem er svohljóðandi: „*Þrátt fyrir 1. mgr. 5. gr. er heimilt að nota grásleppunet með möskva á bilinu 10,5 þumlunga (267 mm) til 11,5 þumlunga (292 mm) og net 20 möskva eða grynri til og með 31. ágúst 2026.*“

#### 6. gr. *Vitjun neta.*

Umsagnaraðilar lögðust gegn tillögu í 2. mgr. 6. gr. þar sem lagt var til að á afmörkuðu tímabili frá 1. febrúar til 30. apríl væri skylt að draga grásleppunet eigi síðar en tveimur sólahringum eftir að þau voru lögð í sjó. Tilgangur ákvæðisins var að draga enn frekar úr hættu á meðafla í þorski á framagreindu tímabili.

- Felld er brott tillaga í 2. mgr. 6. gr. þannig að almennt séu grásleppunet dregin eigi síðar en þremur sólahringum eftir að þau eru lögð í sjó.

#### 8. gr. *Gildistaka.*

Umsagnaraðilar bentu á að grásleppuveiðar hefjast ekki fyrr en 1. febrúar 2025 og því lagt til að reglugerðin öðlaðist gildi 1. janúar 2025.

- Framangreind breyting á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða öðlaðist gildi 1. september 2024. Það þýðir að grásleppuveiðar geta hafist í upphafi nýs fiskveiðiárs 2024/2025 að því gefnu að fyrir liggi aflahlutdeild aðila skv. útreikningi Fiskistofu.
- Mælt er fyrir um að reglugerðin öðlist þegar gildi.

Reglugerðin með framangreindum breytingum var staðfest af ráðherra 25. september 2024 og birt í B. deild Stjórnartíðinda þann 10. október 2024 og er reglugerðin nr. 1124/2024.

*Matvælaráðuneyti, 16. október 2024.*